

um stækkun lögsagnarumdæmis Akureyrarkaupstaðar.

(Lagt fyrir Alþingi á 74. löggjafarþingi, 1954.)

1. gr.

Glerárþorp í Glæsibæjarhreppi ásamt jörðunum Bandagerði, Rangárvöllum, Kollugerði, Hlíðarenda, Glerá, Lögmannshlíð, Hesjuvöllum, Kífsá, Hrappsstöðum, Mýrarlóni, Grænhóli, Syðra-Krossanesi og Ytra-Krossanesi skulu lagðar undir lögsagnarumdæmi Akureyrarkaupstaðar frá 1. janúar 1955.

Mörk milli Akureyrar og Glæsibæjarhrepps verða þó norðurmörk jarðanna Ytra-Krossaness, Grænhóls, Mýrarlóns og Hrappsstaða.

2. gr.

Frá sama tíma tekur Akureyrarkaupstaður að sér framfærslu allra þeirra, sem eru eða verða þurfamenn og framfærslurétt eiga eða munu eignast í Glæsibæjarhreppi, ef lög þessi væru ekki sett, vegna dvalar eða fæðingar á landi því, er um ræðir í 1. gr.

3. gr.

Nú verður ekki, innan sex mánaða frá gildistöku laga þessara, samkomulag milli bæjarstjórnar Akureyrarkaupstaðar og hreppsnefndar Glæsibæjarhrepps um bætur fyrir tekjurýrnun Glæsibæjarhrepps, er leiðir af ákvæðum 1. gr., og skulu þær þá ákveðnar af gerðardómi, skipuðum 3 mönnum. Tilnefna aðilar sinn manninn hvor í dóminn, en hæstiréttur tilnefnir oddamann, og er hann formaður dómsins. Vanræki annar hvor aðila eða báðir að tilnefna mann í dóminn, skal hæstiréttur tilnefna, svo að dómurinn verði fullskipaður.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt af félagsmálaráðherra í samráði við þingmann Akureyrarkaupstaðar og þingmenn Eyfirðinga.

Í Glerárþorpi eru nú yfir 80 býli, þar sem 120 fjölskyldur búa, eða meira en 500 manns, en í öllum Glæsibæjarhreppi eru rösklega 900 íbúar. Þetta þorp, sem farið hefur ört vaxandi, hefur aðallega myndast vegna tveggja atvinnufyrirtækja, sildarverksmiðjanna í Krossanesi og verksmiðja Sambands íslenskra samvinnufélaga á Akureyri, Gefjunar og Iðunnar, og að öðru leyti byggt afkomu sína á atvinnu, sem til fellst á Akureyri. Þar eð afkoma þorpsbúa er þannig mjög háð þeirri atvinnustarfsemi, sem fram fer í Akureyrarkaupstað á hverjum tíma, þykir eðlilegt, að þorpið sé sameinað Akureyri, eins og ráð er fyrir gert í frumvarpinu.

Umræður hafa farið fram milli bæjarstjórnar Akureyrar og hreppsnefndar Glæsibæjarhrepps út af málefni þessu með þeim árangri, að báðir aðilar hafa fallizt á sameininguna, sbr. sameiginlegt bréf bæjarstjórnans á Akureyri og oddvita Glæsibæjarhrepps til félagsmálaráðuneytisins, dags. 21. okt. s. l. Bréf þetta er prentað hér á eftir sem fylgiskjal með athugasemdum þessum.

Ákvæði 2. og 3. gr. frumvarpsins eru hliðstæð þeim ákvæðum, sem tíðkast hafa í sambandi við breytingu lögsagnarumdæma, sbr. t. d. lög nr. 28 frá 18. febr. 1943, um stækkun lögsagnarumdæmis Neskaupstaðar, og lög nr. 52 frá 20. apríl 1954, um stækkun lögsagnarumdæmis Húsavíkurkaupstaðar.

### Fylgiskjal.

Bæjarstjórn Akureyrar og hreppsnefnd Glæsibæjarhrepps hafa orðið sammála um að samþykkja, að Glerárþorp skuli sameinast Akureyri ásamt jörðunum Bandagerði, Rangárvöllum, Kollugerði, Hlíðarenda, Glerá, Lögmannshlíð, Hesjuvöllum, Kífsá, Hrappsstöðum, Mýrarlóni, Grænhól, Syðra-Krossanesi og Ytra-Krossanesi.

Mörk milli Akureyrar og Glæsibæjarhrepps verða þá norðurmörk jarðanna Ytra-Krossaness, Grænhóls, Mýrarlóns og Hrappsstaða.

Virðingarfyllt,

BÆJARSTJÓRINN AKUREYRI  
Steinn Steinsen.

ODDVITI GLÆSIBÆJARHREPPS  
Stefán Sigurjónsson.